



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2026

## IÐNT2VB05

Iðnteikning

Kennarar	Sigurþór Leifsson (SL)	<a href="mailto:sigurthor@fsu.is">sigurthor@fsu.is</a>
	Jóhann Valdimarsson (JV)	<a href="mailto:johann.valdimarsson@fsu.is">johann.valdimarsson@fsu.is</a>

### Áfangalýsing:

Í áfanganum fer fram kynning á notkun Audodesk Inventor teikniforritinu. Lögð er áhersla á að efla skilning nemenda á rýmum út frá tvívíðum og þrívíðum teikningum. Nemendur læra grunnskipanir teikniferfa með æfingum á tölvu og kynnast undirstöðu tölvuteikninga í teikniferfum. Þeir þjálfast í að teikna vinnuteikningar í teikniforriti. Auk þess læra þeir að mæla upp hluti og teikna síðan á grundvelli hefðbundinna staðla og teiknireglna. Lögð er áhersla á þjálfun í lestri teikninga og mælikvarða, vinnu eftir málum og teiknireglum, notkun lagskiptinga, línugerða og merkinga sem og skölun teikninga og uppsetningu teikninga. Þá læra nemendur að setja saman og ganga frá vönduðum teikningum málsettum til útprentunar og vistunar.

### Þekkingarviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja:

- frágangi einfaldra teikninga með tilliti til staðla og teiknireglna.
- flóknari aðgerðum og leiðum til að auka afköst.
- mismunandi mælikvörðum, mátkerfi, hugtakanotkun og notkun helstu mælitækja.
- grafískri framsetningu teikninga og verkefna.
- prentmöguleikum samkvæmt gildandi stöðlum og reglum.

### Leikniviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að geta:

- beita teikniforritum við teikningu á smíðahlutum.
- vinna og skila frágengnum teikningum í tví- og þrívídd á grundvelli textalýsinga, skoðunar og uppmælinga á rýmum og hlutum.
- skala teikningar.
- beita þeim skipunum sem hann hefur lært til að teikna einfaldar vinnuteikningar

**Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- færa teikningar eða myndir milli forrita og vinna með þær í samræmi við teiknireglur.
- vinna teikningar tilbúna til útprentunar.
- vinna sjálfstætt að útfærslu teikninga.

**Námsefni:** Efni frá kennara

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	8-9. jan	Skoða verkefni vetrar og námsáætlun í Innu	Verkefni 1.
2	12-16. jan	Unnið í teikningum	Verkefni 1.
3	19-23. jan	Unnið í teikningum	Verkefni 2-3.
4	26-30. jan	Unnið í teikningum	Verkefni 4-5. Lotupróf 1.
5	2-6. feb	Unnið í teikningum	Verkefni 6-7.
6	9-13. feb	Unnið í teikningum	Verkefni 8-10.
7	16-20. feb	Miðannarmat 20 feb Unnið í teikningum	Verkefni 11-12.
8	23-27. feb	Unnið í teikningum Vetrarfrí 23-24. Feb Starfsþróunardagur í FÁ	Verkefni 11-12.
9	2-6. mars	Unnið í teikningum	Verkefni 13. Lotupróf 2.
10	9-13. mars	Kátir dagar og Flóafár 19-21 mars Unnið í teikningum	Verkefni 13-14.
11	16-20. mars	Unnið í teikningum Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars	Verkefni 13-14.
12	23-27. mars	Unnið í teikningum	Verkefni 14.

13	30. mars-3. apríl	Páskafri	
14	6-10. apríl	Unnið í teikningum	Verkefni 15.
15	13-17. apríl	Annar í páskum 6. apríl Sumardagurinn fyrsti 23. apríl Unnið í teikningum	Verkefni 15. Lotupróf 3.
16	20-24. apríl	Verkalýðsdagurinn 1. maí Unnið í teikningum	Verkefni 16-18.
17	27. apríl-1. maí	Unnið í teikningum	Verkefni 17-18.
18	4-8. maí	Unnið í teikningum	Verkefni 18. Lotupróf 4.
19	11-13. maí	Síðasti kennsludagur 13. maí	Verkefni 18.

**Sérreglur áfangans og námsmat:**

**[Reglur um svindl og notkun gervigreindar.](#)**

**Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.**

**Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. [Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.](#)**

**Notkun á tölvu:**

Notkun tölvu við námið er nauðsynleg alla önnina. Tölvuna má þó ekki nota í öðrum tilgangi en þeim sem tengist efni áfangans, sama gildir um snjallsíma nemenda. Viðurlög við brotum á þessum reglum eru fjarvist (F).

Vinna skal verkefni í númeraröð og skila á málsettri vinnu teikningu í pdf formi.

Lotupróf	Fjögur lotupróf	40%
Teikningar	Alls 18 Verkefni	55%
Ástundun/vinnusemi	Kennari metur virkni nemanda yfir önnina	5%

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Selfoss 6. jan 2026

Sigurþór Leifsson

Jóhann Valdimarsson